

English version below

Kæru MH nemendur,

Nokkur orð frá prófstjóra í tilefni lokaprófa næstu tvær vikurnar.

Að venju eru prófin haldin á Miðgarði og Miklagarði og nokkrum skólastofum. Þegar þið komið í skólann eru skilti og skjáir við aðalinngangana sem tilgreina hvar hvert próf er. Langoftast kemst allur áfanginn fyrir í öðrum salnum en í allra stærstu hópunum þarf að skipta í báða sali. Við biðjum nemendur sem eiga að vera á Miðgarði að ganga upp tröppurnar yfir skápunum en nemendur sem eiga að vera á Miklagarði að ganga upp tröppurnar hjá Sómalíu/Norðurkjallara og þar áfram upp til vinstri inn á ganginn hjá kennarastofu. Þar er inngangur inn á sviðið á Miklagarði þar sem þið gangið inn. Nemendum er frjálst að koma í prófsali allt að 10 mínútum fyrir auglýstan próftíma. Dreifing prófa verður í gangi á meðan þið gangið inn en ykkur er ALGERLEGA ÓHEIMILT AÐ OPNA PRÓFIN fyrr en salstjóri tilkynnir að próf sé hafið.

Almennar prófreglur taka gildi um leið og þið komið í salinn t.d. megið þið ekki vera með bækur eða glósur uppi við, ekki talast við og ekki handleika síma. Slökkva þarf á sínum og snjallúrum og tækin eiga að vera úr auglýsingu allt prófið. Þögn ríki í söllum og stofum um leið og gengið er til sætis.

Gangið inn í sal ekki síðar en þremur mínútum fyrir auglýstan próftíma, en nemendum er frjálst að koma inn í sal allt að 10 mínútum fyrir próf ef allt er til reiðu. Það fyrsta sem þið gerið þegar þið eruð sest í prófsal er að fylla út viðverumiða með nafni og áfangaheiti. Nemendur sem hafa til þess leyfi taka sín próf í stofum 30, 31 og 33. Einungis er hægt að yfirgefa stofur eftir hefðbundinn prófatíma og hálf tíma síðar, en ekki 15 mínútum síðar eins og í söllum. Nemendur námsvers nota stofur 12 og 13.

Það er nauðsynlegt að mæta með skilríki með mynd í prófið. Nálgast má blað sem jafngildir skilríkjum hjá náms og starfsráðgjöfum.

Við biðjum ykkur að kynna ykkur prófreglur skólans mjög vel en þær má finna á heimasíðu skólans.

Að lokum minni ég á að ef upp koma veikindi eða önnur forföll ber að tilkynna fyrir kl. 14, í gegnum Innu.

Hikið ekki við að hafa samband ef þið hafið einhverjar spurningar. Viðtalstími prófstjóra er frá 10-11 hvern prófdag í stofu 38.

Gangi ykkur vel,

Ásdís Björnsdóttir, prófstjóri MH

Dear MH students,

A few words regarding the final exams starting next week.

IB exams are in rooms 7-8. The other final exams take place in Miðgarður or Mikligarður, including Pre-IB exams.

By the main entrances you'll find information on where each exam is each morning. If your exam is in Miðgarður please go up the stairs above the lockers, leading straight into Miðgarður. If your exam is in Mikligarður you go up the stairs opposite Sómalía and then

turn left. There will be signs to help you find your way.

You are free to enter the exam rooms up to 10 minutes before the exam starts. But enter no later than three minutes before. As soon as you enter MH Examination Rules apply (e.g.no books or notes on tables, no talking, no smart watches and no phones).

The exam paper will be on the table in front of you but **YOU ARE NOT ALLOWED TO OPEN IT** until the start of the exam is announced.

Please make sure to bring a photo ID with you to show at the start of the exam. A print-out that is the equivalent of an ID can be obtained from the school counselors.

If something is preventing you from attending your exam you need to let us know as soon as possible, before 14:00 on the exam day, via Inna.

Feel free to contact me if you have any questions. I'm in my office in room 38 each morning between 10 and 11

Best of luck,

Ásdís Björnsdóttir

Exam coordinator